



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 80. TBL. 16. ÁRG. ÁGÚST 1993

Tala má um lífaflsvæði, og á slíku aflsvæði geta furðulegir atburðir gerst.

Helgi Pjeturss.

Árekstur vetrarbrauta

(Sjá forsíðumynd)

Víða um geim má sjá vetrarbrautir, sem ganga hver um aðra og sumstaðar er svo að sjá, sem árekstur hafi orðið milli tveggja vetrarbrauta, og þær þannig sameinast um stundarsakir, að meira eða minna leyti. En einnig virðist stjörnufræðingum, sem sumstaðar hafi aðskilnaður orðið hjá tveim vetrarbrautum, sem sameinaðar hafa verið um sinn og stefni nú hvor frá annarri, til að hljóta óháða tilveru á nýjan leik. En stjörnufræðingar telja sig víða sjá vetrarbrautir, þótt stakar séu, sem séu eins og aflagaðar, t.d. með óvenju langa arma eða hala, og vilja þá gera ráð fyrir, að orsökkin stafi af fyrrverandi sameiningu þeirra við einhverja aðra, og hafi þá hrifið til sín með aðdráttarafli sínu, hluta af hinni vetrarbrautinni, þegar þær skildust að.

Myndin á forsíðu sýnir tvær vetrarbrautir nálægar hvor annarri með langa arma. En myndin hér fyrir neðan tvær sameinaðar eða samliggjandi vetrarbrautir, en þó má greinilega sjá þar tvær bjartar kjarnamiðjur sem sýna, að sjálfir kjarnarnir hafa þó ekki runnið hvor inn í annan.

Þótt nú komi fyrir að vetrarbrautir mætist og sameinist hvor annarri, finnst mér ekki líklegt að það þurfi að skerða stórlega, lífið sem á stjörnunum hefur þróast. Fjarlægðir milli einstakra sólhverfa munu jafnan vera svo miklar, að ekki skaði. Að minnsta kosti ætti slíkt ekki að valda miklu tjóni í vetrarbrautum, þar sem lífið er, að miklum hluta til, á réttri leið. Þar munu slíkir árekstrar ekki hnekkja stefnunni til aukinnar farsældar og til aukins sambands við hinn æðsta kraft.

Ingvar Agnarsson.



Þorsteinn Guðjónsson:

Pennafærasti Íslendingurinn

Þó enginn dragi í efa, að rithöfundur þeim mikilvirkum, sem haldinn var afmælisfagnaður fyrir skemmstu, sé lagið að skrifa þannig, að eftirtekt vekji, væri tvímælalaust rangt að telja hann pennafæranastan mann af Íslendingum á þessari öld. Þar var annar á undan honum langtum fremri um allt, sem máli skipti, og fyrirmynd hans um rithátt fyrr og síðar. Var það Helgi Pjeturss, heimspekingur og vísindamaður, sem margt furðulega óvænt hefur látið eftir sig á sínum „sérsviðum“, en var þó umfram allt rithöfundur slíkur af guðsnáð eða guða, að enginn sem opnar hug sinn fyrir list hans, verður samur eftir. Ef það væri hættulegt, að örva tengigáfu sína, víkka sjónarsvið sitt, verða að hugsandi manni meir en áður, þá væri óhætt að benda á dr. Helga sem sérstaklega hættulegan höfund – og væri nú ekki ófróðlegt að vita, hvort þeir eru til, sem telja, að svo sé.

Flestir íslenskir rithöfundar, sem eitthvert bragð er að – auk fjölda fólks af ýmsum stéttum og stigum – hafa á einhverjum hluta ævi sinnar verið ekki aðeins hrifnir, heldur beinlínis gagnteknir af Helga Pjeturss, og eru þar kvenrithöfundar ekki undanteknir. Því meir sem „sálirnar þráðu ljós“ því betur tóku þær þarna við sér. En að vera næmur og móttækilegur um stund, er ekki alltaf hið sama og að vera þrautseigur að standa með hinu sama til lengdar. Menn muna ekki alltaf nógu vel þegar gjafir, og einn vissi ég „mikinn mann“, sem nú er látinn, sem lengi hafði bæði lært af ritlist dr. Helga og notið fyrirgreiðslu af hendi hans, en svo þegar almenningsálitnið snerist á hinn verri veg, seldi þessi maður á fornsölu bækur hins nefnda doktors áritaðar – gleymt var þá gleypt var.

Slík dæmi og önnur skyld hafa löngum vakið undrun mína og stundum komist nærri því að gera mig svartsýnan á mannlegt eðli og á Íslendinga sérstaklega, og íslenska rithöfunda þó allrahelst. En þó mun þetta vera aðeins stundarfyrirbæri í sögu hvers manns, og þar mun koma, að öllum fer að fara fram, einnig þeim, sem lítilmannlegast hafa látið sér fara. Og til þess, að þetta verði þarf ekki annað en að menn geri sér grein fyrir því í fyrsta lagi, að þeir búa á hnetti, í öðru lagi, að hnöttur sá er staðsettur í lifandi alheimi en ekki dauðum, í þriðja lagi, að sál hinn lifandi alheimur speglast í sál hvers manns, í fjórða lagi, að sál hvers manns byggist upp við, að minning bætist við minningasafn, og í fimmta lagi, að þetta, sem nú var talið, er þýðingarmeira en allt annað.

Tíminn 14. 05. 1987.

Ingvar Agnarsson:

Stefna lífsins og réttur draumaskilningur

Draumur er vökureynsla annars manns og berst sofandanum fyrir fjarhrif. Meðan á draumi stendur samsálast hinn sofandi maður hér, draumgjafanum, þeim sem draumurinn stafar frá og venjulegast er íbúi annarrar jarðstjörnu í öðru sólhverfi. Í flestum tilvikum veit hvorugur af þessu sambandi meðan á því stendur.

Þetta samband gefur dreymandanum möguleika á að kanna lífheima annarra hnatta.

Draumsambandið er oftast svo náíð, að draumþeganum finnst hann vera sjálfur gerandinn í draumnum og þessvegna var það í raun einhver mesta uppgötvun, sem gerð hefur verið á jörðu hér, að átta sig á eðli draumlífsins og skilja að

dreymandinn er ekki gerandinn í draumi, heldur annar maður. Hér varð að hafa hlutverkaskipti, frá því sem áður hafði verið haldið og einmitt þessi nýi skilningur gæti leitt til algjörar stefnubreytingar á högum mannkynsins, ef þeginn væri og hagnýttur í þágu lífsins. Hann er fyrsta skrefið til nýs heimsskilnings, fyrsta skrefið til nýrra vísinda, sem fela í sér meiri breytingar til bóta en nokkurn gæti, að órannsökuðu máli, órað fyrir. Um er að ræða skilninginn og uppgötvunina á alsambandi lífsins í alheimi, skilninginn á því að allt líf á öllum hnöttum er tengt órofa fjarhrifaböndum.

Við jarðarbúar verðum – vitandi vits – að leita sambanda við lengra komnar vitverur annarra mannkynja, til þess að hin sanna lífstefna gæti komist á, á jörð okkar. Lífgeislasambönd er hér um að ræða, sambönd er gætu aukið okkur vit og góðvild. Og Íslendingar hafa öllum öðrum þjóðum betri skilyrði til að koma á bættum samböndum við lengra komna vini, því meðal Íslendinga var hin brautryðjandi uppgötvun gerð og boðuð þjóðinni. Henni ber því að leiða þetta mál fram til sigurs, sjálfri sér og öllum öðrum þjóðum til blessunar. Hér er um að ræða breytingu slíka að leiða mundi til heimshvarfa slíkra til almennrar farsældar langt umfram það, sem nokkru sinni áður hafa verið möguleikar á í sögu heimsins. Ísland yrði þá í sannleika „farsælda frón“, og allar þjóðir heims mundu vakna fagnandi við hina nýju dögum. Skuggar vítis mundu þá hverfa en birta hins sanna lífs renna upp um alla jörð.

Tíminn 7.2. 1990

Hesthausinn



Dauðinn er ekki sigraður fyrr en menn hætta að deyja. H. P.

Þorsteinn Guðjónsson:

Um loptsjón

er sást á næstliðnum vetri, þann 26. Octobris (nálægt 1830?)

[Þetta, sem hér er ritað fann ég í gömlu safni móður minnar, en hún virðist hafa ritað eftir einhverri gamalli bók eða handriti frá 19. öld. Nafns höfundar er ekki getið, en auðsjáanlega hefur hann verið úr heldri stétt og fræðimaður. Jón Bjarnason í Þórormstungu dó árið 1861 svo þetta hlýtur að vera fyrir þann tíma, en eftir 1808-10, því að um það leyti var það sem Ebenezer Henderson var hér og kynntist bóndanum Jóni Bjarnasyni sem spurði hann um líf á öðrum hnöttum. Henderson gerði sér grein fyrir frábærum hæfileikum Jóns, og vakti athygli lærðra manna á honum. Ef til vill gæti einhver lesenda Lífgeisla hjálpað okkur til að finna hvar þetta var áður prentað.

Telja má líklegt, að sjón sú, sem hér er lýst, hafi verið vígahnöttur eins og ritarinn segir, en ekki „fljúgandi diskur“. En jafnvíst er það, að fljúgandi diskar hafa engu að síður sést, fyrir og síðar; það sem þarf, er að kunna að greina þar á milli. – Ýmsar „loptsjónir“ fyrri alda bera það greinilega með sér að vera sambandseðlis, og kunnugt er að Jón Bjarnason safnaði, auk hins mikla stjörnufróðleiks síns, frásögnum af „skrímslum“ sem fólk hafði komist í kast við. Væri það sérstakur greiði við Lífgeisla að útvega okkur handrit eða ljósrit að slíku, jafnvel þótt prentað hefði verið áður.

Stíllinn á þessu skrifti er sumstaðar greinilega eldri en svo, að áhrifa Bessastaðamanna og Fjölnismanna sé þar farið að gæta, og set ég til glöggvunar nýlegri orð í hornklofa [], við þau sem fornlegust eru.] – Þ. G.

Lærði maðurinn skrifar:

Frá bóndanum nokkrum, Jóni Bjarnasyni í Þórormstungu í Vatnsdal í Húnavatnssýslu (frægur fyrir þekkingu sína og

útreikninga í stjörnufræði og annan fróðleik) hef ég fengið tvö bréf, um loptsjón er á sunnudag hinn fyrsta í vetri sást í Húnavatns- og Eyjafjarðarsýslum. Í fyrra bréfinu, dagsettu 23. janúarm. segir svo: „Á sunnudaginn fyrstan í vetri nær miðjum degi, í heiðríku lopti og glaða sólskini, sáu fáeinar manneskjur mikinn ljóshnött líða frá austri til útvesturs (lágt á lopti), yfir norðurloptið. Hafði sá verið, að sagt var, vel svo mikill fyrirferðar á himni sem tunglið er, og svo bjartur sem líkast væri að sjá til sólar gegnum þunna bliku, og engin duna heyrðist til þessa.“

Síðara bréfið ritaði hann mér eptir tilmælum mínum, þar eg vildi fá meira og greinilegra að vita um loptsjónina, hvar sést hafi og af hverjum, og fleira. Þetta síðara bréf er dags. 13. aprílmán. Þar skrifar hann:

Jón Bjarnason:

„Það voru 3 menn í Grímstungusókn, sem þetta sáu: Bjarni Guðmundsson, bóndinn í Gilhaga (nýbýli frá Haukagili), Jón Jólsson í Saurbæ og Jón Jónsson Norðmann í Grímstungu. Framvegis [ennfremur] unglingspiltur í Stóradal (í Svínadal í Svínavatnssókn) og nokkrir af messufólki út í Langadal, sem voru á leið til Holtastaðakirkju. Frá öllum þessum bar loptsjónina yfir lágt á norðurhimni, sem leið [eftir því sem hún barst] frá austri til útvesturs. Frá þessum, sem hana sáu hef ég fengið greinilegasta lýsingu frá **Jóni Jónssyni Norðmann**, og er hún svo hljóðandi: „Eptir að ég kom auga á það, átti það hér um bil tvo parta eptir ófarið af þeim vegi [vegalengd], sem var á milli fjallanna. Það var sem eldur bjart, og á stærð við lítið goluský, áframhald [hreyfing, hraði] þess var mikið og myndir [mynd: lögun, form] þess urðu margar. Það gengu fram úr því oddar og dæld á milli; stundum myndaðist það að mestu kringlótt, og var það þá minna og þykkra, og sem skýjamót á því; líka sá ég það setja fram einn rana langan, og þynntist það þá og stækkaði. Eptir urðu af því sem neistar, stærri og smærri, og þá sem logandi þræðir á milli þeirra. Þessir neistar fóru mun hægra; eyddust þó þeir litlu, en hinir fóru eftir áðurnefndum ljósþráðum og náðu svo hverjir öðrum, enda hertu þeir þá

ferðina og svo hvarf það mér. [JJN] – Nokkrir menn í Eyjafjarðarsýslu sögðust hafa séð þetta, og fór það hjá þeim yfir þvert loftið frá austri til vesturs, með sömu einkennum, að þeim virtist það tæplega [vera] eins hjart og hinum, er sáu það fara neðan yfir loft. En þeim heyrðist til þess um leið og það flaug, eins og nokkurskonar buldur eða suða, líkast því sem heyra er til sjóðandi járn, þá er það er tekið úr eldi. [hér lýkur bréfi JBJ].

Af því að ég held að loptsjón þessi hafi verið vígahnöttur (Bolis), þá vil ég hér með gjöra alþýðu kunnugt um háttalag vígahnattanna, eftir því álitu sem menn nú á dögum hafa um þá, og vil ég því setja hér að mestu orðrétt það, sem Poulliet, eða þó heldur próf. Jóhs. Muller hefur ritað um stjörnuhröp, vígahnetti og loptsteina (á dönsku: Stjernuskud)“.

(Hér lýkur eftirritinu, úr einhverju sem samið hefur verið á fyrra helmingi 19. aldar, og vonandi getur einhver leyst úr því hver ritað hefur, og hvort hann hafi rétt ályktað.)

Þorsteinn Guðjónsson

Orion, stjörnumerkið fagra



Sannleikurinn er geisli frá hinnu æðstu veru. *H. P.*

Dr. Helgi Pjeturss:

Hin nýja franska heimspeki og mesta vandamál vorra tíma

I.

LOFSVERT má það teljast, að nýtt tímarit—Nýir pennar er það kallað—flytur grein, að vísu aðeins þýdda, um nýja heimspeki; eða tilraun í þá átt. Er það hinn svonefndi „existentialismi“, sem franskur rithöfundur, J. P. Sartre, hefir komið fram með. Hafði ég áður í útlendu tímariti, séð getið um þessa nýju heimspeki, sem er að verða mjög fræg. Sartre kvað hafa samið ýmis leikrit og skáldsögur, og er það líklega mest því að þakka hversu gott skáld hann er, að þessi nýja heimspeki hans skuli svona fljótt hafa orðið fræg.—En mjög eftirtektarverður er þessi mikli áhugi á því sem menn halda að sé ný heimspeki, og hann bendir ótvíræðlega til þess, að fyrir hendi sé rík þrá eftir leiðbeiningu til að geta áttað sig á sjálfum sér og heiminum.

Sartre kvað leggja mikið upp úr Pascal og Sören Kierkegaard, en einnig Nietzsche.

Nú er að vísu þekking mín á ritum Pascals og Kierkegaards mjög takmörkuð, en ég leyfi mér samt að halda, að þessa annáluðu ritsnillinga sé réttara að kalla andríkismenn og trúmenn en heimspekinga. Það er fremur Nietzsche sem á það heiti skilið, og hefi ég, þó að alllangt sé síðan, mörgum stundum varið til að kynna mér rit hans. Nietzsche var á yngri árum mjög gagntekinn af speki Schopenhauers, en aðalniðurstaða þess vitnings var sú dapurlega, að lífið sé það sem betur væri ekki. Sá hann þar í rauninni ekki annað ráð en það, að löngunin til að lifa—der Wille zum Leben, er hann nefnir svo—kulnaði alveg út. Framfarir þær í líffræði, sem einkum eru kenndar við nöfn Darwins og Spencers, urðu Nietzsche þó sú hjálp sem dugði til þess að hann hvarf frá hinni algerlega

neikvæðu stefnu Schopenhauers. Ráðið sem hann sá, var að fram gæti komið ný og fullkomnari manntegund, sem hann kallaði Übermensch (Superman; dr. Ág. Bjarnason held ég það sé, sem hefur kallað Übermensch Nietzsches ofurmenni). En um það hvernig þetta ætti að geta orðið, voru hugmyndir þær sem Nietzsche gerði sér mjög ófullnægjandi, og hafa þess vegna haft óheppileg áhrif á þýska sögu. Nietzsche dáðist mjög að mönnum eins og Cesare Borgia og Napoleon, og virtist sem slíkir mundu helst vera í ofurmennsáttina. Ætti öðrum eins og þeim að vera leyfilegt jafnvel það sem vér mundum nefna glæpsamlegt athæfi gagnvart hversdagsfólkinu, af því að nauðsynlegt gæti verið til þess að mannkynið kæmist á æðra stig, að beita grimmd og miskunnarleysi.—Nietzsche grunaði ekki, að þessir skörungar mannkynssögunnar, sem hann dáðist svo mjög að, voru helstefnumenn af sérstaklega illkynjaðri tegund. Hugmyndin um hinar tvær stefnur var ekki til í heimspeki hans, eða neinni heimspeki þá.—Scopenhauer hafði að vísu fálmað eitthvað í þá átt, en árangurslítið, líklega mest af því hversu þekking hans í jarðfræði og líffræði var ónóg.

II.

Það má segja það hiklaust fyrir, að þessi nýja franska heimspeki, sem nefnd er „existentialismi“ á ekki mikla framtíð í vendum. Því að það er víst, að til þess að um geti orðið að ræða það sem í sannleika eigi skilið að heita ný heimspeki, þarf ný þekking að koma til, og það á svo háu stigi, að heita megí að verulegu leyti ný heimsfræði, tilverufræði, sem geti gert oss skiljanlegan tilgang heimsins og lífsins, og sýnt oss fram á, að vel megí takast að koma til réttar leiðar því sem nú stefnir svo háskalega rangt. Mundi slík þekking leiða til þess að vér eignuðumst það sem vér þörfnumst svo mjög fyrir; en það er fullkomlega vísindaleg lífefnisfræði.

III.

Í upphafi heimspekigreinarinnar í „Nýjum pennum“ stendur þetta: „Maðurinn...veit ekki hvernig eða hversvegna hann hefir orðið til, í heimi, sem hann ekki skilur“.

Þetta er mjög rangt.—Maðurinn hefir þegar öðlast allmikla vitneskju um það hvernig hann hefir orðið til. Það er vitað, að vorir fyrstu foreldrar, sem komu til sögunnar fyrir svo sem 1000 milljónum ára, voru ósæjar (míkroskópskar) lífagnir, í hafi er sennilega lukti alla jörð. Tilgangur heimsins er auðsjáanlega vaxandi samhæfing og samstilling, sífellt samsettari einda. Tilgangur lífsins sá, að geta tekið vaxandi þátt í þessari svo óskiljanlegu furðulegu smíð sem alheimurinn er. Tilgangur mannkynsins: að þroskast svo, að það geti öðlast sem fullkonnasta stjórn á náttúruöflum síns hnattar, og lifað í sem fullkonnustu samræmi við tilgang heimsins og lífsins.

IV.

Sú heimspeki sem hefur ekki áttað sig á hinum tveim stefnum framvindunnar er ég nefni helstefnu og lífstefnu, hlýtur alltaf að vera mjög ófullnægjandi, svo ófullnægjandi, að þar er í rauninni ekki um það að ræða, sem rétt sé að nefna heimspeki.

Það getur ekki verið neitt vafamál hvor stefnan það er, sem ráðið hefur hér á jörðu. Hin mikla spurning verður því þessi: Er unnt að breyta svo til, að lífstefna komi í stað helstefnu. Og verður þeirri spurningu að svara á þá leið, að það er enginn vafi á því að svo gæti orðið. En það er einnig alveg efalaust, að án hjálpar nokkurra nýrra vísinda, getur það ekki orðið.

Það mun vera óhætt að segja, að öllum þorra mannkynsins hefir verið það að mestu leyti hulið hversu geysimikil þýðing vísindanna getur verið, áður nokkrir vísindamenn, sem að vísu störfuðu við meir en þúsund sinnum betri ástæður en nokkrir þekkingarinnar menn áður, leiddu það í ljós, að á skammri stundu má leggja í rústir hinar stærstu borgir jarðarinnar og drepa niður fólkið svo tugum milljóna skiptir. Og eru þeir nú að vísu sumir sem eru þeirrar skoðunar, að betri væri vanþekking en slík vísindi. Og er þar þó þess að geta, að það er ekki vísindamönnum að kenna, að uppgötvunum þeirra hefir verið þannig beitt. Fer á þá leið þar sem helstefnan ræður. En hugsanlegar eru þær rannsóknir, sem leitt gætu til svo aukinnar þekkingar á eðli og tilgangi lífsins, að unnt yrði að breyta

gersamlega þeirri viðburðarás sem nefnd hefir verið veraldarsagan, og koma mannkyninu á braut óslitins friðar og vaxandi farsældar. Eða með öðrum orðum: að breyta um frá helstefnu til lífstefnu.

V.

Í útvarpinu var í gær sagt frá ræðu, sem haldið hafði Jan Smuts, einn af merkilegustu stjórnámálamönnum vorra tíma. Hafði hinn vitri öldungur lagt mikla áherslu á að brýna fyrir áheyrendum sínum—sem raunar má segja að sé allt mannkynið—hversu hættulegir þessi tímar eru. Og þarf ekki að efa, að þar hefir síst verið orðum aukið. Því að um ekkert minna er að ræða nú en það, hvort mannkynið á að geta haldið áfram að vera til, eða líða undir lok, eftir hörmungar, ógurlegri, en jafnvel þær sem mestar hafa verið áður á þessari jörðu vorri, sem þó réttilega hefir verið nefnd heimkynni hörmunganna.

Lesbók Morgunblaðsins, 15. 06. 1947.

Nýall og „existentialisminn“

Helgi Pjeturss skrifaði allmargar greinar um almenna heimspeki 2-3 síðustu ár ævi sinnar, og mætti láta sér detta í hug, að Svíþjóðardvölin sumarið 1946 hafi örvað hann til þess að einhverju leyti. „Heimspekingaþing í Uppsölum“ var ein af síðustu greinum hans. Það sem hann var að leita að umfram annað var, hvort menn gerðu sér grein fyrir, hvílíkir háskatímar væru komnir yfir mannkynið. En þgar hann byrjaði að tala um helstefnu og lífstefnu um 1920, var engin skipuleg hugsun neinstaðar til um slíkt efni.

Grein Helga um „hina nýju frönsku heimspeki og mesta vandamál vorra tíma“ er fyrsta ritgerðin um þennan svonefnda existentialisma, sem skrifuð er á íslensku og efalaust sú eina sem nokkurs er um vert. Sjá má, að honum hefur ekki fundist mikið um („...áhugi á því sem menn halda að sé ný heimspeki“). Ég minnst þess með ánægju, að ég heillaðist ekki af existentialisma, og las ég þó einhverja skáldsögu eftir Sartre, í þeirri grein, skáldsögugreininni, taldi Helgi Sartre eiga heima, en ekki í heimspekinni.

En ég minnst þess ekki með jafn mikilli ánægju, hve ginkeyptir sumir menntamenn hér voru fyrir „heimspeki Sartre“, eins og þeir síðar urðu hrifnir af „heimspeki Wittgensteins“, en þar kynni að hafa verið komist einna næst því hámarki í andleysi, sem varla á sinn líka.

Hvenær skyldi sá tími koma að menn fara að meta og nýta sér það sem ekki er aðeins vel gert, heldur allrabest gert og allra nauðsynlegast? Hvenær hætta þeir sem menntaðastir eru og best að sér, að renna eins og sauðir í hús og stökkva allir sem einn eftir fordæmi, yfir þann geislafast sem er fótum þeirra engin hindrun, þó að þeir haldi allir sem einn, að hann sé prik?

Þorsteinn Guðjónsson.

Ingvar Agnarsson:

Meinarót málfarsspillingar, og leið til úrbóta

Hvað veldur afturför íslenskrar tungu í mæltu máli?
Þegar tungan er afrækt og vanhelguð, verður afturför
afleiðingin.

Tveir urðu hátindar íslenskrar tungu á nítjándu öld og á fyrri
hluta þeirrar tuttugustu:

Fegrun bundins máls

Í ljóðlistinni tókst fremstu skáldmæringum þjóðarinnar að göfga málið og leiða það fram til æðstu fullkonnunar sem náð hefur verið, bæði að djúpri hugsun og fagurri hrynjandi, enda hefur lengi verið álitnið að ljóðlistin væri sú æðsta af listagyðjunum. Þjóðin hafði unnað ljóðum lengi og því betur sem skáldunum tókst að leiða málið fram til æðsta öndvegis, því betur naut þjóðin þess, sem fyrir hana var borið. Það var sem hin æðri ljóðlist, ásamt því mannviti sem henni fylgdi, hefði borist inn í sál þjóðarinnar á himinsendum öldufaldi og náð að metta þjóðarsálina æðri orku, æðra fegurðarskyni en áður.

En þessi andblær fegurðarinnar fékk ekki lengi að leika ótruflaður um sál þjóðarinnar. Óholl áhrif tóku að berast til landsins, niðurrifsöfl tóku að herja á hin helgu vé tungunnar með lævísu hætti, og minna nokkuð á árásir þær er á Æsi voru gerðar úr illum stöðum og af segir nokkuð í helgri bók, þeirri er Edda kallast. Allt lék þar lengi í lyndi,

*„uns þrjár komu
þursa meyjar
ámáttkar mjög
úr Jötunheimum“.*

En Æsir gengu þá á rökstóla

*„og um það gættust
hverjir hefðu loft allt
lævi blandið“*,

en engin ráð reyndust haldbær til að varna þeim voða sem upp var kominn og því fór sem fór.

Hér á Íslandi risu upp „skáld“ er töldu sig boða nýja stefnu og fullkomnari í ljóðlistinni. Þeir jusu yfir þjóðina óbundnum og óburðugum samsetningi, er leysa skyldi af hólmi ljóðlist þá, er hæst hafði náð hér hingað til. Og óþjóðhollir, háttsettir menn í fjölmiðlaheiminum tóku að berja bumbur fyrir hinni nýju „ljóð“-stefnu. Það fór og svo að hin ljóðelskandi þjóð fór að leggja hlustir við þessum nýja áróðri, og lagði meiri trúnað á þessa nýju rödd þó fölsk væri, heldur en á það mat sem hún sjálf hafið öðlast á gildi þeirrar ljóðlistar er hingað til hafði hæst borið.

Þjóðin lærði að vísu aldrei að meta hina nýju „list“, en hinn falski áróður leiddi til þess, að lestur hinna sígildu og fullkomnustu ljóða lagðist af að miklu leyti.

Og afleiðingin kom fram í afturför hins almenna tungutaks þjóðarinnar. Þegar hún hafði ekki lengur við að styðjast hið fullkomnasta ljóðmál, sem snillingar orðsins höfðu veitt henni, varð afturförin næstum óumflýjanleg.

Því vaða nú uppi mállýti og ambögur fleiri en tölu verði á komið, og allt útlit er fyrir að afturför hugarfarsins sigli í kjölfarið. Því mengun tungunnar og mengun hugans mun fylgjast að.

Fegrun óbundins máls

Öðrum hátindi í beitingu tungunnar náðu rithöfundar þeir er fram komu í byrjun þessarar aldar, og sá öldufaldur fagurs tungutaks í óbundnu máli komst á sitt efsta stig, er upphafsmaður íslenskrar heimspeki tók að boða íslenskri þjóð hinar nýju, byltingarkenndu en heillandi kenningar sínar og upp-götvanir um samband lífsins í alheimi. Hér fór saman hið

mesta vit og hið fegursta mál. Aldrei fyrr hafði íslenska verið jafn vel rituð. Aldrei hafði fylgt henni jafnmikill sannleikskraftur eða jafnmikil fegurð orðlistar í óbundnu máli.

Margir af fremstu mönnum þjóðarinnar létu hrífast, ef ekki af hinum nýja boðskap, þá af snilld tungutaksins. Ýmsir rithöfundar reyndu að taka sér þessa málsnilld til fyrirmyndar, og tókst sumum hverjum að bæta stíl sinn og framsetningu alla, svo að verk þeirra náðu meiri áhrifum meðal þjóðarinnar en ella hefði orðið.

En þótt orðsnilldin næði að hafa áhrif á ýmsa rithöfunda, þá náði sannleiksandi vitfrömuðarins ekki þeim framgangi, sem þurft hefði, meðal þjóðarinnar.

Afturför í meðferð óbundins máls varð afleiðing þess tómlætis, sem hinu mesta máli var sýnd og er nú að koma fram á áberandi hátt. Þar sem ekki fer saman vit og list, er hætt við hnignun. Stöðnun í framför er undanfari afturfarar.

Afturför í íslenskri málnotkun, er merki þess, að þjóðin hefur ekki þegið og tileinkað sér það, sem henni var best gefið af snillingum andans og tungunnar í bundnu máli og óbundnu, heldur látið ginnast af gali þeirra, er reynt hafa að leiða hana á villigötur bæði málfarslega og vitsmunalega.

Hún hefur ekki haft nægan siðferðisþroska til að þiggja þær dýrmætu gjafir, sem henni hafa bestar verið færðar, og sem hefðu getað lyft málfari hennar og menningu allri á hærra stig en nú hefur orðið raunin á.

Eftir er svo að vita hvort enn tekst að snúa þróuninni við, öldum og óbornum til heilla. Slíkt ætti þó ekki að vera vonlaust þrátt fyrir allt, aðeins ef þjóðin ber gæfu til að þiggja, með endurnýjuðu hugarfari, þær miklu gjafir, sem minnst var á hér að framan, og sem einar gætu lyft henni úr doða lítilmennskunnar, sem ríkjandi hefur verið helst til lengi.

Tíminn 22. febrúar 1989.

Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka

(Fæddur 28. október 1918. Dáinn 9. mars 1993.)

Fallinn er fyrir sigð dauðans sá mæti maður Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka í Hrutafirði. Hann átti við erfiða vanheilsu að stríða síðustu árin, hjartasjúkdóm en mun þó oftast hafa getað verið heima, uns síðasta kastið kom, hinn 9. mars sl., er hann var fluttur á Landsspítalann, þar sem hann lést nokkrum stundum síðar.

Ingólfur fæddist að Kvennabrekku í Dalasýslu og voru foreldrar hans Jón Guðnason, prestur og Guðlaug Bjartmarsdóttir, kona hans. Þar ólst Ingólfur upp til 10 ára aldurs, en þá fluttist séra Jón og fjölskylda hans að Prestsbakka við Hrutafjörð. Það var árið 1928, og átti Ingólfur þar heima öll sín unglingsár. Nám stundaði hann, fyrst í Reykjaskóla, en síðan í Kennaraskólanum og lauk þaðan prófi árið 1940.

Kennsla verður svo hans aðalstarf um áratuga skeið: fyrst í Dalasýslu í 1 ár, síðan í Laugarnesskóla í 13 ár; svo í Vopnafjarðarskóla í 3 ár og loks í Réttarholtsskóla í Reykjavík í ein 15 ár, eða til 1985. Þau fáu ár, sem hann ekki var við kennslu, stundaði hann ýmis störf önnur, um styttri tíma, ýmist úti á landi eða í Reykjavík.

Eftir Ingólf hafa komið út margar bækur: Skáldsögur, barnabækur, ljóðabækur og fræðibækur.

Ingólfur kvæntist árið 1945 Margréti I. Guðmundsdóttur, og áttu þau saman börn.

Mig langar að minnast Ingólfs nokkrum orðum, og þeirra sérstöku aðstæðna, sem leiddu til fyrstu kynna okkar og síðan vináttu.

Við hjónin, Aðalheiður Tómasdóttir og ég, höfðum farið í Langholtskirkju, til að hlusta á söng og tónleika, sem þar hafði verið efnt til. Þetta mun hafa verið í byrjun árs 1989. Við hlið

okkar á kirkjubekkinum settist maður, sem við höfðum ekki séð fyrir. Á milli þátta áttum við tal saman. Kom í ljós, að hér var m.a. sungið ljóð eftir hann og leikið lag, sem við það hafði verið gert. Á eftir fórum við í veitingasal kirkjunnar og settumst saman við borð. Fór vel á með okkur. Hann kvað nýja ljóðabók eftir sig mundi koma út fyrir næstu jól, hjá prentsmiðjunni Skákprenti. Ræddum við nokkuð um skáldskap og sitthvað fleira. Og áður en við skildum, ákváðum við að hittast aftur á ákveðnum degi.

Eftir þetta áttum við oft tal saman. Sýndi ég honum eitthvað af ljóðum þeim, sem ég hafði gert á ýmsum tímum. Hvatti hann mig eindregið til, að láta eitthvað af þeim koma út, og bauðst til að tala máli mínu við Jóhann Þóri Jónsson, eiganda Skákprents. Þannig atvikaðist það, að ég komst í kynni við þann afbragðs-mann. Fyrir næstu jól (1989) gaf hann út ljóðabók eftir mig, „Sólvængi“ en einnig aðra bók mína: „Leiðsögn til stjarnanna“ (sem fjallar um stjörnufræði) og kom hún út samtímis. Fljótlega fór ég að minnast á útgáfu tímaritsins „Lífgeisla“, við Jóhann og tók hann að sér það aðkallandi verkefni upp frá þessu. Og það sem mest var um vert: Í kjölfar þessa tók hann að sér nýja útgáfu allra **Nýalsrita** dr. Helga Pjeturss, og stóð Þorsteinn Guðjónsson að öllum undirbúningi þess mikla verkefnis og var síðar í nánu sambandi og samvinnu við Jóhann um það mikilsverða viðfangsefni, meðan á öllu því verki stóð. Og nú var ekki það eitt látið nægja, að gefa út Nýalana alla (áður í 6 bindum, nú í 4), heldur féllst Jóhann einnig á að gefa nú einnig út tvö bindi aukalega af ýmsum öðrum ritgerðum Helga, þeim, sem ekki höfðu áður komið út í bókarformi, alls 840 bls.

Má með sanni segja, að hin afar vandaða útgáfa þessara merku rita dr. Helga Pjeturss, (og einnig nokkrar aðrar bækur í sama anda), eigi upphaf sitt og aðdraganda í óvæntum fyrstu kynnum okkar Ingólfs Jónssonar, og því mikla drengskaparbragði hans, að koma mér og síðar Þorsteini í kynni við þennan ágætis mann, Jóhann Þóri Jónsson, sem fór að kynna sér mikilvægi málefnisins, og tókst síðan á hendur hina fjárhagslega áhættusömu Nýalsrita-útgáfu, auk rita, sem áður var

minnst á. Ingólfur á því afar miklar þakkir skildar fyrir beina og óbeina tilstuðlan sína í þessu máli.

Hygg ég, að varla sé það tilviljun ein sem hér hefur ráðið, um framgang þessara mála, sem við félagarnir vorum allengi búnir að hafa áhyggjur af, heldur hafi æðri máttarverur átt hér hlut að máli, með því að koma Ingólfi í þá aðstöðu, að eiga hér upphaf að.

Kynni okkar Ingólfs hafa þannig staðið hátt í fjögur ár og varð hann með tímanum sannur heimilisvinur okkar hjóna, því oft kom hann heim til okkar og ég til hans, og konu hans, Margrétar Guðmundsdóttur. Auk þess komum við bæði, kona mín og ég til þeirra og þau bæði saman til okkar. Voru okkur það sannar gleðistundir.

Ingólfur átti mikinn þátt í vali efnis, í þær bækur, sem Jóhann í Skákprenti hefur gefið út eftir mig, ekki síst í draumabækur mínar, en af þeim er sú fyrsta þegar komin. Lagði Ingólfur mikla vinnu og alúð í yfirlestur handrita, og hefur mér ávallt fundist mikilsvert að njóta þannig leiðsagnar þessa mikilhæfa og smekkvísa manns, sem hafði til að bera glöggskyggni á málfar og innra yfirbragð framsetningar, hvort heldur var í ljóði eða óbundnu máli.

Ég veit að allir, sem kynnst hafa Ingólfi Jónssyni, sakna vinar í stað. En vita má með vissu, að maður sem hann, „á vísa heimvon yfir á lífsins land“, og þess er ég viss, að það dýrðarheimkynni, er í lífheimum stjarnanna, þar sem sífellt mun ríkja framför og friður og farsæld, þar sem allar óskir rætast, og langt umfram það.

Ingvar Agnarsson.

Nýstirni í Hvalsmerki



Hér er mynd af nýstirni í Hvalsmerki. Það náði sinni skærustu birtu árið 1934 en tók að dofna upp frá því.

Dr. Carl Granquist:

Svedenborg og norræn trúarskoðun

Það er afar skemmtilegt að komast að því, að Svedenborg hafði mikinn áhuga á norrænum trúarbrögðum, og hann, áður en hann hóf trúarbragðastarf sitt, bjó (og sinnti ritstörfum hjá) Polhelm, sem hann vann fyrir. Polhelm lofaði honum dóttur sinni ungri, en þegar stúlkan sýndi „takmarkaðan áhuga“ á Svedenborg, lét hann „kyrrt liggja“.

Meðan Svedenborg bjó hjá Polhelm komst hann einnig í kynni við hina stórfróðu kunningja hans, og má ætla að skriðurinn hafi komist á hjá Svedenborg, þegar hann gat farið að nýta sér hinar stórmerkilegu bækur, sem hinn þekkti málfræðingur Johan Gabriel Sparfwenfelt, flutti með sér frá Danmörku (þeirra á meðal „Íslensk galdrabók frá 16. öld“).

Meðal þessara bóka – sem síðarmeir komust í eigu hins þekhta sænska dulfræðings og sjáanda Tage Skiöld – voru meðal annarra nokkrar bækur um „heiðna“ norræna trú. En með snilli Svedenborgs og framsýni varð honum ekki um megn að „víxla“ efni þeirra yfir í trú af því tagi sem þá átti við.

Það að Svedenborg „fór ekki að predika Ásatrú“ getur átt sér eðlilegar skýringar, því að: – Svedenborg sem var bæði að upplagi og uppeldi Gamlatestamentis-maður – leit reyndar á þann kristindóm sem hann boðaði sem framhald af Ásatrúnni, og sá eflaust þessvegna engin missmíði á því að taka nöfn þeirra Óðins, Þórs og Freys út úr réttu samhengi sínu, til þess að geta þannig komið „sínu“ trúarbragðaverki í betra samræmi við þær gamlatestamentishugmyndir um „niðurskipun hlutanna“, sem þá voru hinar ráðandi.

P. G. Þýddi.

Heimilishættir í Hlíð

Aldís Pálsdóttir, húsmóðir í Litlu-Sandvík,
segir frá í samtali vorið 1982

Alltaf er það forvitnilegt að heyra eitt og annað um hætti þeirra, sem á undan okkur hafa lifað í landinu. Því er það áhugavert að hlusta á fólk, sem er eitthvað eldra en við og man tvenna tímana, þegar það er að lýsa daglegu lífi og störfum í ungdæmi sínu.

Við hittum nú að máli Aldísi Pálsdóttur í Litlu-Sandvík og biðjum hana að rifja upp heimilishætti, dagleg störf, gestakomur og fleira sem við bar á æskuheimili hennar í Hlíð í Gnúpverjahreppi.

Ég er fædd 6. júlí árið 1905 í Hlíð í Gnúpverjahreppi, þar sem ég ólst upp hjá foreldrum mínum, Ragnhildi Einarsdóttur og Páli Lýðssyni. Sjálfsagt hef ég ekki verið bráðgjör, nema í meðallagi, því að ekki man ég neitt atvik frá bernsku minni fyrr en 1909, er ég var um fjögurra ára gömul. Þá var haldin nautgripasýning á Hlíðareyrum og kom þangað mikill fjöldi fólks með gripi sína. Foreldrar mínir voru þarna með tjald og seldu kaffi og ýmsar veitingar. Man ég að mjólkurbrúsar og fleira sem til þurfti var flutt niður á eyrar, þar sem sýningin fór fram. Einnig man ég vel eftir fólkinu sem var að drekka þarna. Sérstaklega er mér minnstætt hvað ég öfundaði Einar, bróður minn, sem var tveimur árum eldri en ég, af því að hann fékk að sitja við borðið hjá fólkinu, en ég fékk það ekki. Ég var sem sé bara fjögurra ára og mig minnir að einhver hafi haldið á mér.

Þessi sýning var talsverður viðburður og ríkti þarna gleði og glaumur. Fólk skemmti sér við íþróttir og leiki og að síðustu var stiginn dans. Trúlega hafa kúasýningar verið nýung í þá daga og fólk notað tilefnið til að gera sér glaðan dag. Tveimur árum síðar var haldin hliðstæð sýning í Sólheimanesi og man ég hana enn betur en þá fyrstu. Fórum við þá ríðandi þangað og á leiðinni þurftum við að fara yfir Laxá, sem var í miklum vexti. Það gekk þó allt vel, en á heimleiðinni lögðum við ekki í að ríða ána, heldur var þá farið yfir hana á báti. Man ég vel að

ég og yngri bróðir minn grenjuðum mikið af ótta við að fara út í þennan bát og hættum ekki að orga fyrr en við vorum komin yfir og upp á þurrt land hinum megin.

Það næsta sem mér varð ákaflega minnisstætt gerðist 1910, en þá 8. jan. fæddist Steinar, bróðir minn, sem nú er bóndi í Hlíð. Ég var vakinn um miðja nótt til að sjá þennan nýja og litla dreng. Stóð þá ljósmóðirin, Þorbjörg Erlendsdóttir á Hamarsheiði, á miðju gólfi og hélt á barninu í fanginu. Fannst mér þá þessi nýi bróðir minn svo skínandi fallegur að hann minnti mig helst á Jesúbarnið, enda voru jólin þá nýlega liðin og allt sem snerti þau í ákaflega fersku minni.

Næsta ár, sem var 1911, varð enn einn stórviðburður í Hlíð, sem ég mundi vel og lengi. Þá varð afi minn, Lýður Guðmundsson, áttæður hinn 23. júlí og var haldið upp á það með stórveislu, þar sem komu allmargir gestir. Öll systkini pabba komu, Svanborg á Keldum, Guðlaug í Skeiðháholti, Guðmundur í Fjalli og Sigríður í Sandvík og makar þeirra. Og meðal gestanna var Einar Jónsson myndhöggvari frá Galtafelli. Hann var heimilissvinur, því að á unga aldri hafði honum verið komið fyrir í Hlíð til að læra reikning hjá þessum afa mínum. Afi var hreigður fyrir margs konar fræði og sérstaklega vel að sér í reikningi og bókmenntum. Hann átti gott bókasafn og þar man ég eftir Árbókum Espólíns og mörgu öðru. Einar myndhöggvari hafði þá verið við listnám í Kaupmannahöfn og var orðinn vel að sér og viðurkenndur listamaður. Í þessa veislu afa kom hann með unnustu sína, Önnu, og einnig ljósmyndara frá Reykjavík, sem var Magnús Ólafsson, faðir Ólafs, sem lengi rak ljósmyndastofu í Reykjavík. Þessum samferðamanni Einars eigum við það að þakka að til er ljósmynd af heimamönnum og gestum í Hlíð þennan dag.

Allir ferðuðust ríðandi í þá daga, ef um lengri ferðir var að ræða. Var það talsvert algeng sjón að sjá ferðafólk frá Reykjavík, því að leiðin frá Geysi og Gullfossi til Heklu lá um hlaðið í Hlíð. Oft voru slíkir ferðalangar útlendingar og höfðu þá oftast með sér íslenska fylgdarmenn og túlka.

Í afmælisveislu afa míns var mikið um dýrðir og það besta borið á borð. Þar á meðal man ég eftir að aðalrétturinn var

soðinn lax. Laxveiði var nokkuð stunduð hjá okkur og þá eingöngu með ádrætti. Fékkst annað slagið góður afli, en líka kom það fyrir að ekkert kom í netið. Faðir minn var iðinn við veiðiskapinn og reið gjarna út með netið og þá oft á sund í hyljunum, því að Stóra-Laxá er talsvert mikið vatnsfall.

Annar gestur í umræddri veislu og einnig af fjarlægum slóðum var dr. Helgi Pjeturss. Hann hélt til hjá okkur þetta sumar og bjó í tjaldi, en borðaði hjá okkur. Lagt var á borð fyrir hann í stofu í frambænum og þar borðaði hann alltaf út af fyrir sig og ótruflaður. Reynt var að hafa góðan mat handa honum, því að allir vildu gera sem best við þennan lærdómsmann. Helgi Pjeturss var glæsímenni á velli og kurteis í besta lagi, en hann var sérstæður og afar mikill einfari í háttum. Alltaf var hann sérlega vel búinn og mér fannst sem lýsti af honum menntun og siðfágun. Hér fékkst hann við ýmiskonar rannsóknarstörf og ég hygg að einkum hafi jarðfræðiathuganir verið efst á baugi hjá honum á þessum árum. Þessir tveir veislugestir í Hlíð, Einar Jónsson og Helgi Pjeturss, voru harla framandi í gestahópnum í Hlíð. En engu að síður hafði fólk gaman af að hitta þá og tala við þá. Ekki munu þeir hafa þekkt og ekki talast við, svo ég muni eða viti.

Helgi Pjeturss var systursonur Steinunnar, konu Einars Gestssonar á Hæli, og því voru móðir mín og Helgi systrabörn. Meðan hann var enn í æsku átti einhverju sinni að koma honum fyrir í vist á Hæli. En þá stóð eitthvað illa á vegna þrengsla á bænum, að honum var komið til dvalar í Hlíð í nokkra daga. Lengri skyldi sú vist ekki vera, en þegar að því kom að hann skyldi flytja, brást drengurinn hinn versti við, neitaði að fara og kvaðst hvergi annars staðar vilja vera en í Hlíð.

Ekki veit ég af hverju hann lét svona, en trúað gæti ég að honum hafi fallið vel reglusemin í Hlíð. Þá voru húsbændur þar Aldís og Lýður, föðurforeldrar mínir. Einkum var þó amma reglusöm og stjórnsöm, því að sagt var að maður tæki ekki svo beisli, hvað þá meira, án þess að hún vissi af því. Í Hlíð urðu allir að vera komnir í rúmið klukkan tíu á kvöldin og þurfti mikið til, svo að út af væri brugðið. En það var þá líka föst

regla að fara snemma á fætur og ekki var unnið minna í Hlíð en á öðrum bæjum.

Einar Jónsson hafði um þessar mundir dvalist lengi í öðrum löndum. Man ég vel, hversu glaður afi varð, þegar Jakob í Galtafelli sagði honum að Einar væri að verða heimsfrægur. Einar var ljúfur í framkomu og hvíldi yfir honum sérstök rósemi og blíða sem erfitt er að lýsa. Þá var hjá okkur í Hlíð Kjartan Jóhannesson, orgelleikari og söngkennari. Hann var mikill vinur þeirra Helga Pjeturss og Einars Jónssonar og spilaði oft fyrir þá, en alltaf þó fyrir hvorn um sig. Það var líkt og andar þessara bráðgáfuðu og hálærðu manna ættu aldrei neina samleið. En báðir höfðu þeir mikið vit á hljómlist og nutu hennar í ríkum mæli. Helgi hafði í æsku lært mikið af móður sinni, Önnu Petersen f. Thorarensen, sem kenndi fjölmörgum Reykvíkingum að spila á píanó í gamla daga. Lítið töluðum við krakkarnir í Hlíð við Helga og var hann mjög fáskiptinn við okkur sem og fleiri. Helst ræddi hann við móður mína og föður sem verið hafði fylgdarmaður hans í jarðfræðiferðum víða um land. Í æsku minni var það heldur ekki venja að börn og unglingar væru að tala við þá sem eldri voru og herra stóðu.

Þótt dr. Helgi Pjeturss væri talfár við okkur krakkana, laðaði hann okkur að sér með sínu fallega og hlýlega brosi og sló okkur stundum gullhamra í samtali við pabba og mömmu. Við hófumst náttúrulega upp við það, þótt við vissum, að við verðskulduðum ekki hólið. Stundum dvöldu börn hans með honum í Hlíð. Þá sá ég oft hvað þau áttu einstaklega góðan föður.

Í tilefni af því að Helgi vildi heldur dvelja í Hlíð en á Hæli í skjóli móðursystur sinnar, Steinunnar, og ömmu, Ragnheiðar Pálsdóttur Melsteð, spurði amma hans Lýð í Hlíð hvort þessi dóttursonur hennar væri eitthvað sérstæður. Svaraði Lýður henni með þessum þremur orðum: „Hann er vitur“.

Mörgum áratugum síðar heimsótti ég Helga á heimili hans á Smiðjustígnum, þegar hann lá banaleguna. Þá ræddi hann með gleði um góða daga í Hlíð og var miklu mælskari og opinskárrí en ég átti að venjast honum heima í æsku.

AUGLÝSING FRÁ SKÁKPRENTI

LÍFHEIMAR DRAUMANNA

Draumar og skýringar á eðli þeirra ásamt myndum og teikningum



Ingvar Agnarsson

Verð beint frá útgefanda kr. 1.980,- (bókabúðarverð er kr. 2.900,-). Bókin er allfjölbreytt að efni og skiptist eftir því í nokkra aðalkafla þ. á m.: Lífheimar draumanna – Lífheimar alheimsins; Lífstefnudraumar; Sambandsstöðvar í draumi; Himinsýnir í draumi; Landslag og svif í lofti; Draumar um listir; Sérkennilegt útlit manna; Helstefnu-draumar; Jarðfræðilegir draumar.

Bókin er 224 bls. og hefur inni að halda, auk lesmáls 62 myndir og teikningar. Útgefandi Skákprent, Dugguvogi 23, Reykjavík, Pósthólf 1179, Símar 31975, 31391 og 31335. Fax 31399.

Benedikt Gröndal:

Gígjan

Um undra-geim, í himinveldi háu,
nú hverfur sól og kveður jarðarglaum;
á fegra landi gróa blómin bláu
í bjartri dögg við lífsins helgan straum.
Þar dvelur mey hjá dimmu fossa tali,
og drauma vekur purpurans í blæ,
og norðurljósið hylur helga sali,
þar hnígur máninn aldrei nið' r í sæ.

Þar rísa bjartar hallir, sem ei hrynja,
og hreimur sætur fyllir boga-göng,
en langt í fjarska foldar þrumur drynja
með fimbubassa undir helgum söng.
Og gullinn strengur gígju veldur hljóði
og glitrar títt um eilíft sumarkvöld,
þar roðnar aldrei sverð af bana-blóði,
þar byggir gyðjan mín sín himintjöld.

Og harpan skelfur, hátt í andans geimi
af höndum veikum snert um dimma tíð,
hún truflast fyrir undarlegum eimi,
því andinn vekur sífellt furðustríð.
Og upp af sjónum feiknastjörnur stíga,
og ströngum augum fram af himni gá,
og eldi roðnar nið' r í hafið hníga,
en hljómar dauði fjarrum vængjum á.

Ég kný þig enn þá, gígjan mín, til gleði;
hvað gagnar sífellt kvein og táraflóð?
hvað gagnar mér að gráta það sem skeði?
hvað gagnar mér að vekja sorgarljóð?
Hvað gagnar mér að mana liðna daga
úr myrku djúpi fram í tímans hyl?
Ég veit að eilíf alltaf lifir Saga,
og allar stundir nefnir dómsins til.

Jurtirnar fögru

(Vökusýn)

Við hjónin, áttum saman helgistund seint um kvöld (28. júlí 1991), sem oftar. Á eftir settist hún á sófann en ég í djúpan stól. Þá skynjaði ég skýrt – raunar var þetta sem heldur óglögg sýn – mjög hávaxinn jurtarunna, nokkuð stóran um sig. Stönglar jurtanna voru eins og undnir og margra metra háir (e.t.v. 4–8 m) og á þeim sátu mjög stór græn blöð, sem öll vísuðu upp. Mér fannst þessi gróður ákaflega fagur.

Og ég eins og skynjaði, fremur en að ég beinlínis sæi, konu eina, sem mér þótti vera ung, inni í miðjum runnanum, og var hún allmjög hulin hinum þetta gróðri. Hálf í hvoru fannst mér þetta kona mín.

Og ekki hafði ég lengi virt þetta allt fyrir mér (auðvitað var ég með lokuð augu), er ég skynjaði birtu allhátt uppi, ofan við þennan hávaxna gróður. Þessi birta var hvít og allstór um sig, og færðist brátt í aukana. Ég skynjaði, að geislaflóð lagði frá þessum birtubólstra, og beindist einkum niður að konunni, sem sat á jörðinni, en einnig um stærra svæði, svo að allur gróðurrunninn var raunar innan þessa geislasvæðis. Þetta var heillandi skynjun.

En nú fór að draga úr þessari birtu, og innan skamms hvarf mér þessi sýn að fullu.

28. júlí 1991,
Ingvar Agnarsson.

Baugur um sólu

og annar baugur

I.

Mig dreyndi, að ég stæði úti og sæi til sólar. Ekki var hún bjartari en svo að ég gat horft í hana, og allmiklu var hún minni að sjá en okkar sól. Umhverfis hana í þó nokkurri fjarlægð, var bjartur baugur. En inn fyrir þennan baug, hægra megin frá, gekk annar baugur og miklu stærri í þvermál, en ekki sá ég nema nokkurn hluta þessa stóra baugs. Ég var nú að losa svefninn og var byrjaður að greina umhverfi mitt, tifið í klukkunni og umferð um götuna, en draumsýnin var jafnskýr og áður. Mig langaði til að sjá, hvaðan þessi stóri baugur stafaði, og ég þóttist vita, að hann væri kringum aðra sól, miklu stærri en þá, sem ég var að horfa á. En hvernig sem ég reyndi að líta lengra til hægri, til að geta séð þessa aðra sól. Þá tókst mér það ekki, rétt eins og ég gæti ekki litið í þá átt. Að nokkurri stundu liðinni dofnaði draumsýnin og ég vaknaði.

II.

Ég geri ráð fyrir að draumgjafi minn hafi verið að virða fyrir sér sól annars sólhverfis, þar sem hann á heima og að þar hafi raunar verið um tvær sólar að ræða, þótt ekki beindi hann augum sínum eða athygli nema að annarri þeirra. Ég, sem draumþegi eða sýnþegi, hef einnig viljað sjá hina sólina, en sú ósk mín hefur ekki náð huga draumgjafa míns, og því horfði hann aðeins á litlu sólina, en leit ekki á hina, á meðan sambandið varaði á milli okkar.

Ég tel alveg víst, að draumsýn þessi eigi rætur að rekja til aðstæðna á reikistjörnu í fjarlæggu sólhverfi, þar sem tvær sólar eru á lofti, til að lýsa því mannkyni, sem þar á heima.

*Ingvar Agnarsson,
(dreymt 23. 11. 1979).*

Garðar Olgeirsson:

Hinn þekkti og hinn óþekkti hluti alheimsins

Ég ætla að segja frá draumi sem mig dreymdi aðfaranótt hins 19. apríl. Það er nú meir til gamans gert heldur en í nafni vísindanna, en að vísu finnst mér þetta einn af mínum merkari draumum.

Mér fannst að ég fengi pakka með rituðum skjölum í, frá Ingvari Agnarssyni. Varð ég glaður við, því þaðan er oft fróðleiks von. Opna ég pakkann og þar er í ein geysistór mynd af alheiminum. Var hún á stærð við lak, og sýndi bæði þann hluta alheimsins sem nú er þekktur, og einnig það sem enn er óþekkt, og var það langstærsti hluti myndarinnar. Setti ég myndina upp á vegg og fór að athuga hana nánar. Var henni skipt í marga hluta, og var hver með sínum lit eins og landabréf. Hinn þekkti hluti alheimsins var blár, en aðrir voru grænir, rauðir og gulir. Nokkurn spöl frá hinum þekkta hluta alheimsins var álíka stór dumbrauður kringlóttur blettur. Það var rauður risi. (Ég sendi hér með riss af þessu eins og það kom mér fyrir sjónir.)

Nú skipti um svið, og næst er ég á ferð akandi ásamt Halldóri Gestssyni, og við erum að fara út úr hinum kunna hluta alheimsins til að kanna hvað sé þar utan við. Á milli hins þekkta og óþekkta var bygging nokkur eða hús, sem við þurftum að fara gegnum. Í húsi þessu var drasl ýmislegt og dót, svo að nær tók í mitti. Urðum við að aka ofan á því öllu. Þarna var líka á kreiki afgangall karl, langur og mjór og hrumur, svo hann var vart sjálfbjarga. Gætti hann hússins.

Vissi ég óðar að þarna var tíminn sjálfur í mannlíki.

Þegar við höfðum brotist á bíl okkar svo sem hálfu leið gegnum húsið, sáum við bók eina mikla liggja ofan á draslinu.

Voru spjöld hennar á stærð við meðal eldhúsborð. Kom nú fræðimaðurinn upp í Halldóri, og vildi hann óður taka bókina með í för okkar. Ekki vissum við um hvað efni hennar var, en töldum óvíst að við mættum hirða hana. Bárum við það undir karlinn afgangla, en hann sagðist ekki geta né vilja koma í veg fyrir það, því hann væri eins og sjá mætti til alls ónýtur og væri nú að verða búinn að gegna hlutverki sínu.


Tókum við bókina og komumst nú út gegnum dyr á hinum enda hússins, og út í hið óþekkta. Ókum við nú út á svæði sem enginn hafði vitað af. Voru það malareyrar nokkuð mishæðóttar, og okkur til furðu var þar braut eða slóð sem hafði verið farin áður. Mjög lágskýjað var þarna og þoka, og skyggni lítið. Héldum við af stað eftir slóða þessum og fórum hægt. Var nú líka kominn í mig kvíði vegna þess að við vissum ekki hvað við tæki. Endaði svo þarna draumurinn.

Ég fór að hugsa um, hvort tími sá, sem okkur er ætlaður hér á þessari plánetu, væri að renna út.

Allavega fannst mér vera ástæða til að skrifa þetta niður. Þó er óvíst að úr því hefði orðið, ef ég hefði ekki ákveðið skyndilega að senda þetta til þín.

*Garðar Olgeirsson, Hellisholtum.
Dreymt 20.04. 1991*

Kúlupyrping sólstjarna



Þessi mynd sýnir stjörnuþyrpinguna M-13 í stjörnumerkinu Herkúlesi og er í okkar vetrarbraut. Í þessháttar þyrpingum eru oft margir tugir þúsunda sólstjarna. Útsýn til stjörnuhimins frá jarðstjörnu í slíkum sólmaskara hlýtur að vera ægifagurt.

Bókin og myndin fagra

Draumur

I.

Ég var að skoða bók, sem mér fannst mikið til um. Hún var stór, og ég festi augun á kápusíðu hennar og athugaði hana sem best. Efst var mynd af hvíttri sól og stafaði sterkum geislum frá henni, niður eftir síðunni.

En neðantil voru bogadregin form í ýmsum stærðum, og fannst mér þetta eiga að tákna einhverskonar gróður, líklega helst jurtablöð. Hvert eitt þessar forma var í ákveðnum lit, sinn liturinn á hverju um sig. Allir voru litir þessir skærir og ljósir: Ljósblár, blár, rauður, bleikur, brúnn, fjólublár, gulur, grænn. En rendur eða útlínur hverrar jurtar, hvers forms, voru allar ljósari en innar á blaðinu.

Grunnlitur myndarinnar var dökkblár, mun dekkri en annað í myndinni.

Ég var ákaflega hrifinn af þeirri fegurð, sem hér gat að líta og mér fannst þetta vera mikið listaverk.

II.

Kvöldið áður hafði ég verið á samkomu, sem hafði góð áhrif á mig, en þar voru rædd ýmis efni, sem mjög voru áhugaverð.

Ég vil því gera ráð fyrir, að stilliáhrif eigi hér e.t.v. hlut að máli, að samstilltir hugir fundargesta hafi stillt mig til sambands við einhvern draumgjafa, sem á stund draumsins hefur verið að skoða hina litfögru bókarkápu, sem honum fannst svona mikið til koma.

Ég álit að draumsambandið hafi verið mjög sterkt, því vel mundi ég liti og form myndarinnar, eftir að ég vaknaði.

*Ingvar Agnarsson,
(dreymt 8. apríl 1975).*

Fyrir miðilsmunn 2. 7. 1991.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Helga Tómasdóttir.

(f. 24. september 1908. D. 15. júní 1990).

Helga.

Sæl.

Aðalheiður Tómasdóttir: Sæl.

Helga: Hvað er ég að ryðjast fram fyrir hann þabba þinn, Ingvar minn. Ég er komin á hans hnött. Svo ég segi ekki sannara af sjálfri mér en það, að ég er flutt yfir á hans fagra hnött til þeirra, er hér eru svo dásamlega góðir og vinsamlegir mér.

Öll þessi undrafegurð og birta og móttökur, er ég hef hér fengið, framar öllum vonum og hugmyndaflugi og ég þykist ekki eiga brot af því skilið. Það er gjörsamlega kraftaverk, þannig, að ekki tel ég því vera betur lýst í fáum orðum.

En staðreyndin er þessi. Nýr líkami á annarri jörð hraustur, öflugur, heilbrigður og fullkonnari en hinn var nokkru sinni og fegurri og ekki eru umskiptin nema til hins betra og langt fram yfir það, sem ég hef nokkru sinni getað látið mér til hugar koma, að fyrir mér ætti að liggja.

Þó að hugur minn flygi stundum hátt, hugurinn stefndi til ljóssins, var þetta framar björtustu vonum, er ég nokkru sinni gerði mér, að nokkru sinni biði mín og er þá minnst af þessu sagt, þó ég komist svo að orði, sem hér er fram komið. En slík er reynslan, ég hefi orðið fyrir hér, að orð vantar til að lýsa henni svo gagn sé að.

Sannleikurinn, að ég ekki læt ógert að reyna að tala, er sá, að það kom mér gersamlega á óvart, hve breytingin varð undursamlega fögur og skjót til hins betra á högum mínum. Þó að ótrúlegt kunni að virðast, að ekki sé sagt lygilegt, þá er sannleikurinn þessi.

Nú eru hér með mér margir vinir og ættingjar. Fagur hópur og friður og göfugmannlegur, svo ekki megna orð að lýsa þerri elsku og ástúð, sem til mín streymir úr hvers manns huga og brjosti. En slíkur kærleikur og ástúð, virðist vera ríkjandi hugarfar hér, manna í milli, á miklu hærra stigi en á jörðinni. Þó ég sé ekki búin að vera hér nema tiltölulega stuttan tíma, þykist ég finna þetta.

Líkamleg fegurð virðist hér almennt vera á miklu hærra stigi en á jörðinni. Geislar af fólkinu bláu ljósi eða skini og frá augum manna stafar furðulega fagurt og bjart ljós. En þetta er, að ég tel, merki um undursamlega lífsorku, samstillingu og þroska, þannig, að hér er mannlífið fullkomnara um margt en á jörðinni.

Áttu eftir að skynja, vonandi, eitthvað til mín á næstunni og sjá hinn nýja líkama minn og þá muntu sannfærast um orð mín betur.

Ingvar Agnarsson: Ég þóttist skynja til þín um daginn, þar sem þú varst meðal fagurra blóma?

Helga: Vel má bæta því við að blómin og jurtirnar hér eru dásamlega fagar og öll náttúran virðist vafin einhverjum undraljóma og fegurð, sem ég ekki get þó nema á fátæklegan hátt lýst. En hver jurt er hér ilmandi, svo að ég hef aldrei nokkru sinni annað eins reynt og litirnir eins undursamlega fagrir, þannig að mér virðist jurtirnar bókstaflega ummyndaðir í framlífinu til æðri fegurðar.

Pakka nú innilega fyrir. Verði ykkur sumarið á allan hátt til blessunar og ánægju. Ég vona að geta hjálpað ykkur, ef ykkur liggur við, eins og fleirum.

Vertu blessuð, systir.

Vertu sæll, Ingvar.

Verið blessuð.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 28. 12. 1992.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Pétur Gíslason. (Lést 22. 12. 1992).

(Pétur Gíslason):

Komið sæl og blessuð.

Pétur Gíslason talar framliðinn miðilsmunni fyrsta sinni skömmu eftir flutninginn yfir á aðra jarðstjörnu, þar sem móttökur tóku langt fram björtustu vonum mínum og má fullyrða, að Helgi Pjeturss sé sá, sem fyrstur á náttúrufræðilegan hátt skýrði eðli framlífsins og sýndi fram á möguleika til framlífs á öðrum jarðstjörnum. Það er nú það, sem ég af eigin raun get staðfest fullkomlega rétta niðurstöðu Helga Pjeturss og þykir mér það ekki einskisvert að geta gert hér vart við mig skamma stund, til þess að koma þessu fram, sem mér er efst í huga að staðfesta sem íbúi annars hnattar.

Það held ég ekki megi láta liggja í láginni, þetta mikla málefni Helga Pjeturss. Það er þjóðarskaði meiri en orð geta lýst, að þessi dásamlega lífsyfirsýn Helga Pjeturss, vísindalega niðurstaða í sambandi við eðli lífsins og tilgang þess í alheimi, sé minna en einskis metin af menntamönnum þjóðarinnar og fræðimönnum, öllum lýð má víst segja einnig, eða flestum, enn sem komið er. Þetta má ekki eins gáfuð þjóð og Íslendingar lengur láta sig engu varða.

Pegar í hlut á fremsti vísindamaður þjóðarinnar, þá má ekki lítilsvirða hans starf og fræði, sem gert er. Því með því er þjóðin sjálfri sér verst og getur í rauninni ekki verið sú þjóð, sem hún þarf að vera, meðan svo er, sú menntaþjóð og vísinda- og fræðaþjóð, sem hún er fær um að vera og það er ekki til ávinnings þjóðinni heldur til skaða, hvernig þessi kenning Nýals hefur verið höfð að engu og má segja þó, að þar sé fyrst í rauninni vísindalega litið á lífið á jörðinni.

Og mín hugsun var öll eindregin nýölsk um ævina frá því ég fyrst las Nýal til dauðadags. Nýall var það sem vakti æ í huga mér. Þessi sannleikur var eins og leiðarstjarna mín um ævina. Það er of langt mál að lýsa því og verður ekki gert hér nema að litlu leyti. En það fannst mér alltaf, að ég væri knúinn til að

hugsa um þetta, fylgja þessum skilningi og reyna að bæta einhverju við hann, helst auka við Nýal, þó ég væri nú ekki hæfileikum gæddur sem Helgi Pjeturss. En þó reyndi ég á minn hátt að hugleiða þessi efni og rendi að byggja á því, sem Helgi uppgötvaði, í tilraun minni að skýra ýmis efni og efnafræði einnig og öðru því skyldu og þó það sé ef til vill ekki mikils virði, þá er það hugsanlega í rétta átt sumt.

Ég verð að láta staðar numið að sinni og þakka nú fyrir. Megi ykkur auðnast að vekja þjóðina til skilnings á sjálfri sér í ljósi Nýals og verið nú sæl.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 02. 03. 1992.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Einar Þveræingur.

Einar.

Komið sæl.

Einar Þveræingur. Forn-íslenskur maður svo nefndur. Íbúi annars hnattar talar skamma stund.

Það er nú eins og einhver vernd yfir íslensku þjóðinni um aldirnar hafi nú bjargað þjóðinni. Þótt sjálfstæðið hafi glatast, þá tókst að ná því aftur og ekki má fara á þann veg enn að glata því fyrir skort á einurð og réttum vilja ráðamannanna og raunar þjóðarinnar í heild. En það vona ég ekki fari á þann veg sem síst skyldi í þessum efnum að þessu sinni. Hver þjóð þarf að varðveita sjálfstæði sitt og menningu þannig hún ekki týnist mannkyninu.

Það er svo margt, sem er að breytast nú og tvísýnt, hvernig fer framvindu mála og þá má sjá þjóðirnar hafa brotist undan kúgun ýmsar og andlegu ófrelsi og það er vel ef aðeins tekst að beina þróuninni á farsælar brautir allskostar í framhaldi af þessu áunna frelsi.

Þakka nú fyrir og verið sæl.

Nokkur orð til lesenda Lífgeisla

Ekki hefur litið vel út fyrir batnandi lífstefnu allt til þessa á jörðu okkar, og í sumum heimshlutum má segja, að helstefnan hafi leikið lausum hala, einkum í þeim löndum, þar sem styrjaldarátök hafa verið hvað hörðust. En einmitt þegar stefnir hér sem verst, þá ríður mest á að þeir, sem bestan hafa skilninginn á sambandi lífsins í alheimi, Nýalsmenn, leggi sig sem mest fram um að efla lífstefnunni fylgis og sem víðast. Verum þess viss, að hinir lengra komnu á öðrum stjörnum, leggja sig mjög fram um að styðja þessa viðleitni.

Og raunar sjást þess nú þegar merki á ýmsan hátt, að lífstefnan muni sigra hér þrátt fyrir allt. Mér finnst t.d. vera nokkru auðveldara nú, að tala um þessi mál, en áður var, við fólk, sem þó hefur ekkert kynnt sér þessi efni fyrr. Ekki síst hefur þetta átt við, þegar um ungt fólk er að ræða. Sömu sögu hafa fleiri að segja.

Verið svo öll kært kvödd, með ósk um bjarta framtíð.

Fyrir hönd Lífgeisla og Félags Nýalssinna,

Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfrólsvægi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Árekstur vetrarbrauta (sjá forsíðumynd). I. A.	bls. 110
Pennafærasti Íslendingurinn. Þorsteinn Guðjónsson	“ 111
Stefna lífsins. Ingvar Agnarsson	“ 112
Um loptsjón. Þorsteinn Guðjónsson	“ 114
Hin nýja franska heimspeki og vandamál vorra tíma. Helgi Pjeturss	“ 117
Nýall og „existentialisminn“. Þorsteinn Guðjónsson	“ 120
Meinarót málfarsspillingar og leið til úrbóta. I. A.	“ 121
Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka. I. A.	“ 124
Svedenborg og norræn trúarskoðun. Dr. Carl Granquist. P. G. Þýddi	“ 127
Heimilishættir í Hlíð. Aldís Pálsdóttir	“ 128

AUGLÝSING FRÁ SKÁKPRENTI:

Lífheimar draumanna. Safn drauma með skýringum á eðli þeirra. Höfundur: Ingvar Agnarsson	“ 132
---------------------------------------------------------------------------------------------------	-------

LJÓÐ:

Gígjan. Benedikt Gröndal	“ 133
--------------------------------	-------

DRAUMAR:

Jurtirnar fögru. Ingvar Agnarsson	“ 134
Baugur um sólu. Ingvar Agnarsson	“ 135
Hinn þekkti og hinn óþekkti hluti alheimsins Garðar Olgeirsson	“ 136
Bókin og myndin fagra. Ingvar Agnarsson	“ 137

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. Miðill: Sveinn Haraldsson Ritari Gunnar Hjörvar Helga Tómasdóttir	“ 139
Pétur Gíslason	“ 141
Einar Þveræingur	“ 142

ÝMISLEGT:

Til lesenda Lífgeisla	“ 143
-----------------------------	-------

MYR:

Stjörnumynd	“ 110
Hesthausinn (stjörnumynd)	“ 113
Orion, stjörnumerkið fagra	“ 116
Nýstirni í hvalsmerki	“ 126
Kúlupyrping sólstjarna	“ 137